



Samstarfssamningur

Aðilar að samningnum eru AkureyrarAkademían, kt. 450914-1500, og ReykjavíkurAkademían, kt. 500506-0240.

Markmið og tilgangur

Markmið samningsins er að efla samstarf milli stofnananna og fræðimanna þeirra með áherslu á:

- Samráðsfundi og málþing,
- Miðlun hagnýtra og stjórnunartengdra upplýsinga,
- Rannsóknir og miðlun,
- Nýtingu aðstöðu og húsnæðis.

Engar fjárhagslegar skuldbindingar felast í samningnum.

Hlutverk aðila

- Að halda árlegan samráðsfund stjórna stofnananna þar sem rætt er um sameiginleg hagsmunamál og hagnýtum og stjórnunartengdum upplýsingum miðlað.
- Að halda árlegt málþing stjórna og fræðimanna um mál sem tengjast starfsemi fræðimanna á vettvangi stofnananna.
- Stjórnir hvetji til og liðki fyrir samstarfi fræðimanna um rannsóknir og miðli upplýsingum um fræðimenn og rannsóknir á vettvangi stofnananna.
- AkureyrarAkademían veitir fræðimönnum sem leigja vinnuaðstöðu hjá ReykjavíkurAkademíunni vinnuaðstöðu í húsnæði stofnunarinnar sé óskað eftir því og slíkt er mögulegt. Sömuleiðis veitir ReykjavíkurAkademían fræðimönnum sem leigja vinnuaðstöðu í AkureyrarAkademíunni vinnuaðstöðu sé þess óskað og slíkt er mögulegt. Samstarfsaðilar útfæra nánar fyrirkomulag á gagnkvæmum afnotum fræðimanna af vinnuaðstöðu og miðla á sínum vettvangi.
- AkureyrarAkademían og ReykjavíkurAkademían munu samnýta aðstöðu og tækjabúnað til kennslu og rannsókna eftir samkomulagi hverju sinni.

Gildistími

Samningur þessi gildir í þrjú ár frá undirritun. Samningsaðilar geta sagt honum upp með sex mánaða fyrirvara.

Gert þann 21. apríl 2021

Aðalheiður Steingrimsdóttir
Framkvæmdastjóri AkureyrarAkademíunnar

Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir
Framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar